



Rafræn vöktun

Bls.: 1
Útg.: 1
Dags.: 23.11.2023
Ábm.: PVF
Breytt: 23.11.2023
Samþykkt: PVF

Upplýsingagjöf

Hjá Skinney-Pinganesi hf. og skipum félagsins eru eftirlitsmyndavélar sem taka upp myndefni. Um að ræða rafræna vöktun sem fer fram í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“).

Ábyrgðaraðili vöktunarinnar er: Skinney-Pinganes hf., kt. 480169-2989, Krossey, 780 Höfn í Hornafirði, sth@sth.is

Persónuverndarfulltrúi: Eik Aradóttir, eik@sth.is

Tilgangur vöktunarinnar: Öryggismyndavélar Skinneyjar-Pinganesess eru í öryggis- og eignavörsluskygni.

Heimild til vinnslu: Vöktun fer fram til að gæta lögmætra hagsmuna Skinneyjar-Pinganesess hf. af öryggis- og eignavörslu.

Tegundir persónuupplýsinga: Unnið er með myndefni sem verður til við vöktunina þar sem sjá má einstaklinga sem farið hafa um hið vaktaða svæði og athafnir þeirra.

Aðgangur að myndefni: Einungis þeir sem hafa heimild til, og þurfa þess starfs síns vegna, hafa aðgang að myndefni sem tekið er upp. Myndefni er eingöngu skoðað ef ástæða er til, svo sem ef slys hefur orðið eða grunur á um refsiverðan verknað. Allt myndefni er aðgengilegt tæknideild Skinneyjar-Pinganesess. Efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað getur jafnframt verið afhent lögreglu. Einnig getur efni verið afhent tryggingafélagi sé það nauðsynlegt vegna tryggingamáls.

Varðveislutími myndfnis: Myndefni kemur til með að vera varðveitt í allt að 30 daga í samræmi við reglur nr. 50/2023 um rafræna vöktun. Þó geta upptökur verið varðveittar lengur sé það nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganaúsynja. Ef myndefni er afhent lögreglu er öðrum eintökum af efninu eytt.



Rafræn vöktun

Bls.: 2
Útg.: 1
Dags.: 23.11.2023
Ábm.: PVF
Breytt: 23.11.2023
Samþykkt: PVF

Réttindi einstaklinga: Þú átt rétt á að skoða myndefni þar sem þú sést. Einnig áttu rétt á að fá afrit af slíku myndefni að því gefnu að það skerði ekki réttindi og frelsi annarra. Að öðru leyti fer um réttindi þín samkvæmt III. kafla laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga, sbr. nánar ákvæði í III. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679.

Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd: Þeir sem sæta rafrænni vöktun eiga rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þeir telja að vinnsla persónuupplýsinga þeirra gangi gegn persónuverndarlögum.